



# Von á 7.000 skömmtum í næstu viku

- Bólusetningardagatal í samráði við sóttvarnalækni
- Forgangshópur 5 bólusettur í byrjun mars
- Ráðuneytið skoðar að gera Reykjalund að miðstöð greiningar og meðferðar við eftirköstum Covid

Guðni Einarsson  
Höskuldur Daði Magnússon

Enginn greindist með kórónuveirusmit innanlands í fyrradag, sjötta daginn í röð. Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir óttast að ógreind kórónuveirusmit geti verið í samfélaginu og minnti á það á upplýsingafundi í gær að ekki væri búið að útrýma veirunni.

Bólusetningardagatal, með upplýsingum um forgangshópa og hvernær áformað er að bólusetja þá, á að vera tilbúið til birtingar í dag. Ef það næst ekki þá á það að birtast sem fyrst eftir helgina, samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu.

Dagatalið var gert í ráðuneytinu í samvinnu við sóttvarnalækni. Upplýsingarnar verða birtar með fyrirvara um mögulegar breytingar á áætlunum um afhendingu bóluefna.

Reiknað er með að um sjö þúsund



Morgunblaðið/Eggert

**Upplýsingafundur Þórólfur minnti á að ekki sé búið að útrýma veirunni.**

skammtar af bóluefni gegn Covid-19 komi til landsins í næstu viku, viku 8. Þá verður haldið áfram að bólusetja eldri borgara og starfsfólk á hjúkrunar- og dvalarheimilum. Í byrjun mars, viku 9, er svo ætlunin að bólusetja heilbrigðisstarfsfólk í hópi 5.

Hans Jakob Beck lungnalæknir,

Pétur Magnússon forstjóri og Stefán Yngvason framkvæmdastjóri lækninga, sem allir starfa á Reykjalundi, skrifðu grein sem birtist í Morgunblaðinu 17. febrúar.

## Miðstöð endurhæfingar

Þar sögðu þeir að Reykjalundur hefði lagt til að stofnuninni yrði falið „að starfrækja tímabundið miðstöð ráðgjafar og stuðnings vegna langvinnra afleiðinga Covid hér á landi“.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra var spurð hvort grípa þyrfti til sértækra aðgerða til að bregðast við eftirköstum Covid.

„Heilbrigðisráðherra fól Sjúkra-tryggingum Íslands á liðnu ári að gera samninga við til þess bærar stofnanir um að sinna endurhæfingu sjúklinga með alvarleg eftirköst Covid-19. Ráðherra veitti 200 milljónir króna til samningsgerðar um þessa þjónustu. Reykjalundur er án

efa réttur staður til að þróa þessa meðferð en margt er enn óljóst um hvernig greiningu og endurhæfingu þessa sjúkdóms skuli best háttað,“ sagði í skriflegu svari Svandísar. En er hún sammála því sem fram kom í greininni að erfitt sé að sinna þessum vandamálum í núverandi kerfi?

„Eftirköst Covid-19 eru nýr sjúkdómur og því ekki óeðlilegt að heilbrigðiskerfið þurfi að aðlagast því hvernig best verði tekist á við greiningu og meðferð hans. Grunnstoðir kerfisins eiga þó að geta tekist á við þetta viðfangsefni eins og þær hafa hingað til gert með góðum árangri í Covid-faraldrinum,“ sagði Svandís.

Hún sagði einnig aðspurð að hugmyndir greinarhöfunda um miðstöð greiningar og meðferðar við eftirköstum Covid á Reykjalundi væru í samræmi við stefnu heilbrigðisfyrvalda og þegar til skoðunar í ráðuneytinu.